



Bjarni Benediktsson, dagblöð 1948-1949, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-9

NJÓSNIRNAR MIKLU Í KANADA

Kommúnistar lögðu fil landráðamennina

FAIR ATBURÐIR hafa á síða í tímum vakið meiri eftirtekt en njósnirnar miklu í Kanada. Út af fyrir sig er það þó ef til vill ekki svo mikil nýjung, að stórveldi haldi uppi njósnum í öðrum ríkjum.

Margir flækust í netið

Það eftirtektarverðasta um njósnirnar í Kanada var, hversu rækilega þær voru skipulagðar og hvernig einn stjórnsmálflokkur þar í landi ljeði sig til njósnna fyrir erlent herveldi. Glögglega kom fram, að fjöldi manns, er gengið hafði á hönd kommúnistaflokknum, hafði slitið hollustunni við sitt eigið föðurland og sett hlýðni og þjónustu við Rússland í hennar stað.

Lærðomsrikt er, að það var enginn af hinum kanadisku föðurlandssvikurum, sem sá að sjer, og játaði ótilkvaddur landráð sin og lagsbræðra sinna. Þvert á móti var ástæðan til þess, að njósnirnar komust upp sú, að einum af starfsmönnum Rússia, er sendur hafði verið til Kanada, ofbuðu aðfarirnar og vildi ekki lengur una því, að taka þátt í hinum ljóta leik.

Gouzenko kemur við sögu

Þetta var maður að nafni Gouzenko, er starfaði að þýðingu leyniskeytanna, sem send voru á milli. Þessi ungi maður var sendur úr Rússlandi til þess að vinna við sendisveit Rússia í Kanada.

Áður en hann fór frá Rússlandi var hann haldinn sömu blindu og aðrir Rússar um ástandið utan landamæra Rússlands. Hann var alinn upp í hinum kommúnistiska hugsunarhætti og trúði því, að kúgun og ábján ætti sjer stað i öllum erlendum löndum. Rússland eitt væri ríki verkalýðsins, umkringt af fjandsamlegum öflum, er hefðu það eitt áhugamál, að koma því á knje.

Öðruvísi umhorfs í Kanada en sagt hafði verið

Pegar Gouzenko fór að kynna asti í Kanada varð reynsla hans öll önnur en hann hafði búist við. Þar ríkti meðal almennings frjálsræði og velmegun miklu meiri en meðal alþýðustjetta Rússlands. Hann varð hvergi var þeirrar sifelldu tortryggning, er einkennir allt þjóðlif undir hinu kommúnistiska einræði. Fólkið var vingjarnlegt sin á milli og vildi sýna sjálfum honum vináttu og hjálpsemi. Það stafaði í senn af, því, að slikt er þar landssíður, og af hinu, að í sameiginlegum erfiðleikum stríðsáranна vildu allir frelsisunnandi menn sýna Rússum vinsemd.

Hann sannfærðist um, að því fjarri, að kanadiska þjóðin, eða fulltrúar hennar, á bingi og í ríkisstjórn, vildu bekkjast til við rússnesku þjóðina eða valdhaða hennar. Menn töldu eðlilegt, að í Rússlandi væri það stjórnarfyrirkomulag, er Rússar sjálfir byldu. Þessvegna töldu þeir enga ástæðu til að fjandskapa við Rússia bó að þar

rikti sovjet-skipulag. Þvert á móti töldu þeir, að friðurinn yrði ekki tryggður nema með góðri samvinnu annara þjóða við Rússia.

Vináttu svarað með fjandskap

Eftir þessu sóttist almenningur og vildi mikið i sölurnar leggja til að slik vináttu gæti komist á. Við þennan vinarhug stakk mjög í stúf sá kommúnistiski andi, er rjeði hjá húsbændum Gouzenkos.

Þeir voru fullir tortryggningi og bönnuðu eðlileg samskipti landa sinna við kanadiska borgara. Sá einn samgangur var leyfður, sem miðaði að rússneskum áróðri, og því, að veiða upp úr kanadiskum borgurum leynd armál þjóðar þeirra.

Hjá þessum útsendu mönnum ríkti innbyrðis sama tortryggning og þeir sýndu umhverfi sínus. Enginn trúði öðrum, allir bjuggust við illu. Ófriður milli Rússia og Vesturveldanna var talinn óumflýjanlegur, og allt starfið i þessu friðsama vinalandi var miðað við, að ófriður milli þess og Rússlands hlyti að brjótast út.

Pessir menn, sem nutu gisti-vináttu kanadisku þjóðarinnar, notuðu aðstöðu sína til að njósnna um kanadisku þjóðina og spinna viðar og viðar vef sinn henni til ófarnaðar.

Gouzenko lagði allt í sölurnar

Að lokum fjekk Gouzenko nóg af þessum leik. Hann vildi ekki lengur una því, að vera milliliður kanadiskra landráðamanna og njósnarmiðstöðvarinnar miklu í Moskva. En sú miðstöð hefur m. a. spjaldskrá yfir alla yfirlýsta kommúnista í öllum löndum heims og ákveður, hver verkefni hverjum um sig skuli fengin.

Nærri má geta, að Gouzenko hafi tekið nærrí sjer að höggva á böndin milli sín og Sovjetríkjanna. Ættingjar hans og vinir voru margir austur þar, og hann vissi, að hann stefndi þeim í mikla hættu, ef hann yfirlæfi hina kommúnistisku þjónustu. Sjálfur vissi hann, að hann mundi verða landflóttmaður, umvafinn hættum og ofsoðtur það, sem eftir væri æfinnar, ef hann kæmi upp um svikavefinn.

En þátttaka í öllu þessu undirferli, tortryggningi og svikum til undirbúnings nýrri styrjöld gegn friðsönum mönnum, varð Gouzenko að lokum óbærileg. Hann vildi fremur fórna öllu og leggja líf sitt og sinna í sölurnar, heldur en að leyfa þessum styrjalarundirbúningi, er átti sjer stað undir yfirskini vináttunnar, að halda lengur áfram ótrufluðum.

Gouzenko kom upp um njósnirnar

Þessvegna safnaði Gouzenko sáman ymsum göglum um galan, sem minir kommúnistisku erindrekar notuðu til að

hópi kanadiskra borgara, og ákvæð að koma þeim til vitundar kanadiskum almenningi. — Hann snjeri sjer til kanadiskra blaða og kanadiskra stjórnvalda með gögn sin, en i fyrstu vildu engir á hann hlusta. Öllum fannst saga hans svo ótrúleg, að hún gæti ómögulega verið sönn.

Pegar hans var saknað af vinnustaðnum hjá hinum kommúnistiku húsbændum varð þar uppi fótur og fit. Þeir ætluðu að ná Gouzenko á sitt vald, og eru faar átakanlegri sögur til, heldur en frásögnin af því, hvernig Gouzenko reyndi ásamt konu sinni og ungu barni að forðast að lenda í klóm beirra.

A síðstu stundu skarst kanadiska löggreglan í málið og eftir það var Gouzenko borgið í bili. Sjerstök rannsóknarnefnd var sett á laggirnaar til að rannsaka skýrslur og gögn þau, er Gouzenko hafði með höndum.

Vann til þakklætis Kanadamanna

Í þeiri rannsókn sannaðist allt það að vera rjett, sem Gouzenko sagði, og hægt var að fá staðfestingu á með öðrum gögnum.

Ymsir kanadiskir borgarar, þ. á. m. háttsettir menn úr hernum, nafnkunnir vísingamenn og jafnvel einn þingmaður, voru fundnir sekir um landráð. Við rannsóknina sannaðist, að Rússar höfðu einkum lagt áherslu á að fá vitneskjum um allt það, er laut að atomrannsóknunum.

Kanadiska þjóðin taldi sig með rjettu vera í þakkarskuldi við Gouzenko, en kommúnistar um heim allan fylltust hatri og hræðslu, er upp hafði komist um einn þáttinn í óþokkabréögð um þeirra.

Fróðlegar þækur

Besta lýsingin á öllum þessum atburðum er í hinni miklu bláu bók, sem gefin var út um störf rannsóknarnefndarinnar í Kanada, er skipuð var fremstu lögfræðingum þar í landi. Sú bók er að vonum nokkuð þung í vögum, en einkennilega má sá maður vera gerður, er ekki fyllist viðbjóði á athæfi kommúnista við lestur hennar og í hugun.

Sjálfur hefur Gouzenko skrifad bók um æfi sína og er hún að vísu merkileg, en nær þó ekki að kyngikrafti þeim óhagg anlegu staðreyndum, sem leiddar eru fram í skýrslu kanadisku rannsóknarnefndarinnar.

Athyglisverð kvíkmynd

Á grundvelli allra þessara gagna hefur verið samin kvíkmynd „Bak við járntjaldið“, sem sýnd hefur verið viða um heim og ýmsir Íslendingar hafa sjeð þar og nú er sögð komin hingað til landsins. Sú mynd sýnir vel þátt Gouzenkos í öllum þessum atburðum og sagur galan, sem minir kommúnistisku erindrekar notuðu til að

veiða kanadiska þegna í njósnarnefnd sitt. Myndin sýnir og mæta vel tortryggninga og þann blæ óhugunara og mannhaturs, sem býr á bak við járntjaldið.

Hinsvegar hefur ekki verið unnt að rekja nema að litlu leyti starf hinna einstöku njósnara. Þessvegna eru illvirki beirra ekki sýnd eins og vert væri. Engu að síður hlýtur mynd þessi að verða minnisstæð öllum er hana sjá og er engin furða þó að kommúnistar viða um heim hafi ærst yfir sýningu hennar.

Mynd þessi er merkilegt plagg um óheillastarfsemi kommúnista og þó aðeins eitt af þeim gögnum, sem almenningu nú hefur til að átta sig á óheilindum og svikum kommúnista um heim allan.

Kommúnistar hvarvetna samir við sig

Viðfangsefni kommúnista eru misjöfn í ýmsum löndum, en starfshættirnir eru hvarvetna hinir sömu. Moldvörpustarf og niðurrif ríkjandi þjóðskipulags til hags fyrir hinn alþjóðlega kommúnisma og miðstöð hans í Moskva.

Allar frjálsar þjóðir hafa nú fengið nóg af þessu og snúa bakinu við þeim deildum kommúnistaflokknsins, er hjá þeim starfa. Íslendingar mega vissulega ekki verða eftirbátar annara, heldur verða þeir að hreinsa af sjer þessa erindreka kúgunarinnar og yfircangsins.

Kommúnistar setja nú allar sínar vonir á „kosningabombur“

KOMMÚNISTAR kváðu nú vera komnir að þeirri niðurstöðu, að ósigur þeirra í bæjarstjórnarkosningunum í Reykjavík snemma árs 1946 sje því að kenna, að Sjálfstæðismenn hafi á síðustu stundu náð frá þeim 2—3000 kjósendum, er kommúnistar vonuðust til að fá.

Ráðagerð kommúnista

Þessi kenning kemur heim við hin frægu ummæli Steinþórs Guðmundssonar að kvöldi kosningadagsins, er hann sagði, að nú ættu kommúnistar nærrí 10.000 seðla í atkvæðakössum. Það verður þó naumast talin sjerstaklega merk uppgötvan, að kommúnistar urðu fyrir vonbrigðum 1946. Hitt er nýrra, að af öllu þessu hafa kommúnistar nú dregið þá ályktun, að þeim sje nauðsynlegt að koma með einhverja mikla „kosningabombu“ á síðustu stundu, til að ná í hin óvissu atkvæði.

Þeir eru fyrir nokkru byrjaðir að undirbúa jarðveginn á sellufundunum fyrir betta og reyna að telja fylgismönnum sínum trú um, að án slíks herbragðs geti þeir ekki unnið sigur, enda muni sigurinn ekki láta á sjer standa, ef þannig verði farið að.

Öll eiga þessi ráð að standa djúpt og ætla kommúnistar ekki að þessu sinni að láta sjer mistakast. Á meðan ekki er sýnt, hvers eðlis hin fyrirhugaða „bomba“ verður, er of snemmt að dæma um hversu kommúnistum kann að takast bombugerðin að þessu sinni.

Góð stjórn Sjálfstæðismanna á bæjarmálum rjeði úrlitum 1946

Hitt er víst, að það er fullkominn misskilningur hjá kommúnistum ef þeir halda, að dómsáfelling sú, er þeir hlutu hjá reykvískum kjósendum 1946, hafi verið nokkur skyndiákvörðun. Það var einmitt vegna þess, að Reykvikinger höfðu þá kynnt starfsháttum kommúnista betur en áður, að þeir neituðu að veita kommúnistum hið aukna fylgi, er þeir höfðu talið sjer víst.

Kommúnistum hefur að vísu tekist hjer á landi á saman veg og annarsstaðar að að sjer fylgis um stund með ýmiskonar bellibrögðum. En jafnskjótt sem menn kynnast verkum kommúnista sjálfrá, þá snúa þeir við þeim bakinu.

Það er tiltölulega auðvelt að afla sjer fylgis á andstöðunni einni saman. Aldrei er svo vel stjórnæð, að ekki megi sithvað betur fara. Kommúnistum hefur einmitt tekist að vinna flokk sinn upp með hlífðarlausri gagn rýni. Þetta er auðvitað erfiðara í bæjarfjelagi eins og Reykjavík, er vel hefur verið stjórnæð og forystu hefur um flestar framfarir hjer á landi, heldur en er gegn ríkisstjórn, sem mismunandi flokkar standa að, og ætið á því erfitt að koma sjer saman um hin mest varðandi mál.

Framferði kommúnista spilti fyrir þeim

Góð stjórn Sjálfstæðismanna á bæjarmálefnum Reykjavíkum átti auðvitað mestan þátt í kosningasigri þeirra 1946, en framkoma kommúnista í bæjarstjórn og ríkisstjórn átti einnig verulegan þátt í, að gera mönnum ljósara en ella óheilindi þeirra og fláttskap.

Fyrrihluta árs 1946 voru mönnum þó ekki nema að litlu kunn hin miklu glappaskot kommúnistanna í ríkisstjórn. Þeir höfðu þá enn að veruleguleytí setið á strák sínum og að minsta kosti tekist að dylja margt af misjöfnu framferði sínu.

Að vísu höfðu kommúnistar strax á árinu 1945 viljað láta Íslendinga segja „ Þjóðverjum eða Japónum, og helst þó báðum, strið á hendur. En þessi striðsofsi kommúnista var almenningu þá ekki nema að litlu kunnur. Það var fyrst seinni hluta árs 1946, sem þeir gerðu sig innan ríkisstjórnarnar bera að alveg óumdeilanlegrí bjónkun við hagsmuni Rússia í tillögum sínum um utanríkismál Íslands. Sú bjónkun þeirra hefur verið augljós og samfeld æ síðan.

Afglop kommúnista og óráðvendni

Hlutdrægni Brynjólfs Bjarna sonar um stöðuveitingar og óráðvendni Áka Jakobssonar komu ekki að fullu í dagsins ljós fyrr en eftir kosningarnar 1946. Áki hafði vit á því, að láta ekki vitnast um hina háu ferðakostnaðarrekninga sína, svo sem þegar hann tók 4.000 krónur fyrir að skreppa hjer suður um nes, fyrir utan bílkostnað, meðan hann sat í ráðherrastólnum. Það var fyrst eftir að hann hafði hlaupið frá ábyrgðinni sem menn fengu vitnesku um þessi og ýms fleiri afglop kommúnista.

Eikarkaupin frægu, hinn gifurlegi byggjarkostnaður síldarverksmiðjanna, viðskiptasamningar Áka Jakobssonar við afskipunarmanninn Semenov og ótal margt fleira vitnaðist ekki fyrr en eftir kosningarnar 1946. Það var og ekki fyrr en síðari hluta árs 1946, sem kommúnistar hlupu frá nýsköpunarframkvæmdunum, annarsvegar vegna þjónkunar sinnar við utanríkisstefnu Rússlands og hinsvegar af óttanum við, að bera ábyrgð á þeim erfiðileikum, er þá voru fyrirsjáalegir framundan í innanlandsmálunum.

Kommúnistar fagna aflabrestinum

Síðan hafa kommúnistar stöðugt spáð afvinnuleysi og hrundi og vissulega gert allt, er í þeirra

valdi hefur staðið til að þeir reyndust ekki falsspámenn um þetta. Örðugleikarnir hafa verið miklir, en fram úr þeim hefur tekist að ráða án þess að til verulegra vandræða kæmi enda hefur teist að forðast með öllu hið mikla ból atvinnuleysisins, er kommúnistar full-yrtu að skella mundi á snemma árs 1947.

Auðvitað hafa kommúnistar reynt að nota sjer til fylgisaukningar þá erfiðleika, er að hafa steðjað. Þeir hafa fagnað aflabresti, ógæftum og öllum óhöppum, af því að þeir hafa talið, að slíkt yrði vatn á þeirra myllu við eflingu óánægjunnar.

I von um að þetta hafi borðið einhvern árangur, kalla þeir sig nú í hverju orði „stjórnarandstöðuna“, til að reyna að fá menn til að gleyma hinu ljóta kommúnistafjesi, er á bak við býr.

Ferill kommúnista verri en nokkurn gat grunað

En þetta mun ekki vega upp á móti auknum kynnum manna af kommúnistum. Menn hafa kynst verkum þeirra, ekki einungis þeim, er að framan eru talin, heldur einnig mörgum öðrum, svo sem grjótkastinu á Alþingishúsið 30. mars s.l., erindrekstri þeirra fyrir veiðileiðangra Rússia hjor við land, afsökunum þeirra fyrir yfirgang hinna kommúnistisku veiðiskipa, laumuferð Einars Olgeirssonar til Prag á s.l. vori, vörnum þeirra fyrir smygli, gjaldeyrisbrotum, skattsvíkum og öðrum lögbrotnum, ef það eru kommúnistar, sem i hlut eiga.

Þetta og ótal margt fleira, hafa menn daglega haft fyrir augum að undanförnu. Þegar kommúnistar biðu ósigur sinn 1946, mátti segja, að hann kæmi af því, að menn væri þá farið að gruna hvers eðlis kommúnistar væri. Nú er sá grunur orðinn að vissu, miklu ljótari og ömurlegri vissu, en jafnvel hina svartsýnustu grunaði þá.

Ótti kommúnista af kosningunum

Það er von, að kommúnistar, með þennan feril að baki, horfi með kviðboga á þær kosningar, sem nú fara í hönd. **Báðir ræðu** menn kommúnista í útvarpsumræðunum s.l. mánudagskvöld, kvörtuðu undan því, að kosningar skyldu fara fram fyr en lög standa til.

Hvenær hafa menn fyr heyrt, að stjórnarandstaðan fagnaði því ekki, að fá tækifæri til að gera upp við þá flokka, sem hún ásakaði harðlega fyrir stjórn málanna að undanförnu?

En það er von, að kommúnistar skelfist. Ófremd þeirra er slik, að einsdæmi eru um ís-

lenskan stjórnmalaflokk.

Það er sjálfsgagt rjett hjá kommúnistum, að það barf óvenjulega og framúrskarandi rjetta við hag þess flokks, sem þannig er komið fyrir.

Þess vegna undirbúa kommúnistar nú bombugerð sína af fullum krafti, ekki síður en i vinir þeirra í austri hamast við gerð kjarnorkuspengjunar.

Kommúnistar vildu hindra útkomu blaðanna

Einn þáttur kosningaundirbúnings kommúnista var sá, að þeir vildu láta prentaraverkfallið verða sem allra lengst. Síðasta daginn, sem Þjóðviljinn kom út fyrir verkfallið, sagði hann, að ríkisstjórnin vildi prentaraverkfall til að eyða prentfrelsinu fyrir kosningarnar.

Sannleikurinn er sá, að ríkisstjórnin gerði allt, sem í hennar ar valdi stóð, til að greiða fyrir lausn prentaraverkfallsins. — Bæði vegna þess, að hún vill allment forðast vinnudeilur, en einkanlega af því, að hún telur að í lýðfrjálsu þjóðfjelagi verði blöð að koma út síðustu vikurnar á undan almennum kosningum.

Áreiðanlegt er, að deila þessi hefði ekki leyst svo fljótt, sem raun bar vitni um, ef ríkisstjórnin hefði ekki haft þennan skilning. En það voru aðrir, sem vildu koma í veg fyrir lausn deilunnar. Það voru kommúnistar.

Þegar prenturum hafði verið boðin svo góð kjör, að yfirgæf andi meirihluti þeirra taldi sjálfsgagt að taka þeim reyndu kommúnistar með öllum ráðum að hindra, að sættir kæmust á. Kommúnistar vita, að þeir verða undir í frjálsri viðureign blaðanna. Þeir óttast prentfrelsið jafnt á Íslandi, sem austan jártjalds.

Skömm almennings á kommúnistum fer vaxandi

Kommúnistar treystu því hinsvegar, að rógskerfi sellanna væri svo gott að með því gætu þeir dreift út lygasögum, sem ekki væri hægt að hamla upp á móti. Blekkingar og ósannindi eru aðalefnir í öllum kosningabombum kommúnista. Þeir óttast með rjettu, að ef almenningur fær jafnóðum sannar fregnir af því, sem gerist, þá verði bombugerð þeirra til einskis.

Raunin mun og verða sú, að af því að hjor á landi ríkir prentfrelsi, málfrelni og fundafrelsi, þá mun hlutur kommúnista við þessar kosningar enn sem fyr verða mun minni en vonir þeirra standa til.

Örugg sókn ungra Sjálfstæðismanna í útvarpsumræðunum

Um tvennt að velja: Sjálfstæði og frjálslyndi — Eða alger sósialismi.

STJÓRNMÁLAUMRÆÐUR ungra manna, sem fram fóru í útvarpinu í fyrrakvöld, báru þess glögg merki, að fulltrúar ungra Sjálfstæðismanna voru í öruggri sókn og markvissri máléfnaðaráttu. Sýndu þeir fram á, að þjóðin ætti nú að velja milli þess, hvort hjer ætti að ríkja alger sósialismi á næstunni eða frjálslynd stjórnmalastefna og mundi æskan óhikað beita sjer gegn frekari höftum og ríkisafskiptum og fyrir sigri sjálfstæðisstefnunnar.

Jónas Rafnar, frambjóðandi Sjálfstæðisflokkssins á Akureyri flutti fyrstu ræðuna af hálfu ungra Sjálfstæðismanna. Var ræða Jónasar mjög traust og máléfnalega vel byggð, og fram bjóðandanum til mikils sóma. Jónas Rafnar gerði grein fyrir vaxandi fylgi æskunnar við Sjálfstæðisflokkinn, sem ætti rætur sinar að rekja til máléfnaðaráttu flokksins. Hann gerði grein fyrir afstöðu flokksins til veigamestu þjóðmálanna, svo sem utanríkismálanna og nýsköpunarinnar. Þá vjek hann að þeim þýðingarmestu viðfangsefnum í fjármálum þjóðar innar, sem nú liggja fyrir til úrlausnar, og nauðsyn þess, að hafist væri handa um raunveru legar aðgerðir í dýrtíðarmálum. Pessum málum gerði hann mjög glögg skil. Hann sýndi með föstum rökum fram á, að Íslendingar ættu raunar ekki nema tveggja kosta völk nū, annarsvegar algeran sósialisma en hinsvegar að hverfa frá haftastefnunni og ríkisafskiptunum og taka upp frjálslyndu stefuna í þjóðfjelagsmálunum í samræmi við stefnuskrá Sjálfstæðisflokkssins. Þjóðin væri orðin breytt á sambræðslu og hálfkáki í stjórnmalunum. Nú óskuðu menn eftir hreinum línum, og þá fyrst og fremst, að hjer mætti ríkja aukið frelsi þjóðfjelagsþegnanna og sjálfstæður atvinnurekstur, án ríkisstyrkja og uppbóta á flestum svíðum. Jónas endaði ræðu sína með hvatningu til æskunnar um að styrkja Sjálfstæðisflokkinn svo öfluglega í komandi kosningum, að hann næði meirihluta aðstöðu á Alþingi.

Akureyrarbær er mikill sómi að þessum unga og efnilega frambjóðanda og er ekkert lík legra en að Akureyringar kunni vel að meta mannkosti Jónasar við kjörborðið.

Annar ræðumaður Sjálfstæðismanna var Gunnar Helgason, formaður Heimdallar. — Hann svaraði rösklega ásökunum fulltrúa Framsóknarflokksins, Skúla Benediktssonar, í garð Sjálfstæðismanna. En sá fulltrúi ungumannana skar sig úr að óhefluðu orðbragði og efnislausum skömmum, næst Jónasi Árnasyni, en ræða hans var lítið annað en einskær orðilska og heitingar.

Gunnar sýndi rækilega fram á, hversu Framsóknarflokksins hefði algjörlega brugðist að benda á nokkur rauhnæf úr

ræði, til lausnar dýrtíðarmálum, sem hann hefði svo mjög haft á orði og viljað skreyta sig með. Þegar flokkurinn hafði rofið stjórnarsamstarfið í sumar, hefði hann orðið sjer til athlægis fyrir máléfnasauðan hringlandahátt, sem lyktað hefði með því að lyppast niður á öllum kröfunum, sitja áfram í ríkisstjórn, þótt öllu væri neit að af því, sem flokkurinn hefði farið fram á.

Þá rakti hann sjerstaklega afstöðu Framsóknarflokksins til landbúnaðarmálanna. Svaraði hann ásökunum flokksins til Sjálfstæðisflokkssins fyrir afstöðu hans til landbúnaðarmálanna í tið fyrrverandi stjórnar og sýndi fram á, eð sjaldan verið gerð til viðreisnar landbúnaðinum og þegar Pjetur heitinn Magnússon var landbúnaðarráðherra.

Í verðlagsmálunum væru Framsóknarmennirnir búinir að fara í gegnum sjálfa sig. Þeir hefðu komið á nýju skipulagi í þessum málum, þegar núverandi stjórn settist á laggirnar og talið með því leyst mikið og langt vandamál fyrir landbúnaðinn. Nú hefði hinsvegar þing Stjettarsambands bænda í sumar samþykkt ályktun, sem forðæmdi algjörlega þetta fyrirkomulag, eins og það nú væri framkvæmt, og þá skipti alveg um tón í Framsóknarmönnum, sem vildu nú ekki lengur kannast við þessa gersemi.

Gunnar sýndi fram á, hversu kommunistar hjer hefðu með framferði sínu innan verkalyðs samtakanna skafið af sjer fylgjandi við síðustu Alþýðusambands kosningar og einnig við stjórnarkosningar innan hinna stærri fjelaga á s. l. vetri. Þetta fylgis hrún kommunista væri í samræmi við allsherjarfylgishrun þeirra í öllum nágrannalöndum okkar, og gerði hann glögga grein fyrir því, hversu sópast hefir fylgið af kommunistum í öllum löndum, þar sem frelsi og lýðræði væri ríkjandi.

Varð andstæðingunum svarað fátt við ræðu Gunnars, sem var þung ádeila í þeirra garð.

Síðastur ræðumaður ungra Sjálfstæðismanna var Eyjólfur K. Jónsson. Hann hafði stytan ræðutíma, aðeins 10 mínútur, en hann kom mörgu að, og svar aði rösklega ræðum andstæðinganna. Hann sýndi fram á, hversu ungkommarnir spiluðu í rauh og veru sónru plötuna og að benda á nokkur rauhnæf úr

- Útvarpsumræðurnar

Framhaldi af bls. 2 eldri flokksmennirnir: ábyrgðarlaus vaðall um efnahagsmálin og harmakvein um utanríkismálin, sem mótaðist af því einu, að Íslendingar hefðu ekki reynst nögu miklir þjónar hins alþjóðlega kommúnisma og auðsveip handbendi Rússa í utanríkismálum eins og aðrar þjóðir fyrir austan járntjaldið. Sjálfstæðisæskan mundi standa örugglega vörð gegn þjóðskemmdarstarfsemi kommúnista eins og þeir þúsund æskumenn, sem hefðu í vor staðið vörð um Alþingi, helgustu vje Íslendinga, á meðan koommunistar köstuðu grjóti og aur frá fótstalli Jóns Sigurðssonar forseta inn í bingsalina.

Hann vjek að pínulitla flokknunum, en fulltrúar hans, ungkratarnir, teldu sig nú geta talað digurbarkalega um gengislækkun í útvarpið. Síst af öllu hefðu þeir þó átt að nefna það mál. Einn daginn hrópuðu þeir: enga gengislækkun! Annar daginn: gengislækkunin er sjálfssögð og óhjákvæmileg! Öll þessi afstaða yrði til þess, að allra síst gæti folk nokkuð markað orð þessara manna í þessu máli. Hlustendum mun lika almennt hafa blöskrað sú endemis vitleysa og staðleysa, sem annar ræðumaður ungra jafnaðarmanna, Benedikt Gröndal, blaðamaður, fór með, í sambandi við gengismálin.

Ræða Eyjólfur var hin skörulegasta og sýndi vaxandi sókn Sjálfstæðismanna alt til enda umræðnanna.

RÍKISSTJÓRNIN HEFUR VERIÐ SAMMÁLA UM UTANRÍKISMÁLIN

Í AFSÖKUNARBRJEÐI, sem Hermann Jónasson hefir látið dreifa út í kjördæmi sínu, til varnar framferði sínu gegn þjóðinni og kjósendum sinum, segir hann m. a.:

„Í utanrikismálum hefir mér þótt meiri hluti ríkisstjórnar undirlægjugjarn og bróttlitill“.

Hermann Jónassyni er auðvitað heimilt að hafa á þessu sem öðru, hverjar þær skoðanir, er hann sjálfur kýs. Hitt er í senn stórfurðulegt og vítavert, að hann skuli gefa í skyn, að ríkisstjórnin hafi verið klofin í utanrikismálum. Um þau hafi verið meiri og minni hluti innan stjórnarinnar.

Algert samkomulag

Pegar núverandi ríkisstjórn var stofnuð, var um það talað, að engar ráðstafanir yrði gerðar í neinum utanrikismálum, er þýðingu hefðu, nema með fullu samráði ríkisstjórnarinnar allrar. Þessa hefir verið vandlega gætt um allar ákváðanir, sem nokkru máli skipta.

Þær hafa allar verið bornar undir stjórnina í heild. Ákváðanir hafa ekki aðeins verið teknar í samráði við stjórnina, heldur mun erfitt að finna dæmi þess, að í utanrikismálum hafi nokkur ákvörðun verið tekin, nema stjórnin væri öll sammála um hana. Mun naumast nokkur nefnd hafa verið send úr landi á vegum utanríkisráðuneytisins, svo að ekki væri samkomulag innan ríkisstjórnarinnar um skipun hennar.

Allir viðskiptasamningar hafa í höfuðatriðum verið bornir undir stjórnina og ekki gerðir, fyrr en fullt samkomulag hefir fengist innan hennar.

Þær ákváðanir, er ennþá meiri þýðingu hafa en þessar, svo sem um afstöðu landsins til meiri háttar stjórmálaatburða og þáttöku í alþjóðasamstarfi, hafa engar verið teknar nema eftir vandlega ihugun í stjórninni og að fengnu samkomulagi þar í einu og öllu.

Hermann ásakar flokksbræður sína

Ef Hermann Jónasson er þess vegna óánægður með „meiri hluta ríkisstjórnarinnar“ í þessum málum, þá er hann ekki síður óánægður með afstöðu „minni hlutans“, því að bæði meiri og minni hluti hafa aðeins verið sammála.

Er vissulega erfitt að tala um „meiri og minni hluta“, þegar þannig stendur á. Engum dylst þó, hvað fyrir Hermanni Jónassyni vakir. Hann er að reyna að gefa í skyn, að flokksbræður hans hafi haft aðra afstöðu í þessum málum en „meiri hluti“ stjórnarinnar.

Petta er algjörlega rangt.

— Ef meiri hluti ríkisstjórnarinnar hefir því verið undirlægjugjarn og bróttlitill, á betta ekki síður við Framsóknarmennina Eystein Jóns-

Lítilmannleg filraun Hermanns Jónassonar til að telja Strandamönnum trú um annað

son og Bjarna Ásgeirsson en hina ráðherrana. Er og alþjóð kunnugt, að Hermann Jónasson hefir mjög greint á við þessu meðflokksmenn sína um afstöðu til nær allra utanrikismála, er hans atkvæði hefir komið til greina um.

Sá ágreiningur hefir raunar ekki takmarkast við þessa tvö flokksbræður Hermanns Jónassonar, heldur við yfirgræfandi meiri hluta flokksbræðra hans á Alþingi og meðal þjóðarinnar. —

Brjefið frá 2. júlí 1948

Um þáttöku Íslands í efna-hagssamvinnunni er það nú sannað, að Hermann Jónasson snerist á móti henni á síðustu stundu, þegar taka skyldi úrslitaákvörðun um, hvort Ísland ingar vildu vera þar með eða ekki. Þá skaut Hermann Jónasson sjer undir yfirskynsástæður til þess að þvo hendir sínar af samningsgerðinni og reyna að hindra, að úr henni yrði.

Samflokksmenn hans í ríkisstjórninni litu allt öðrum augum á þetta mál. Þeir höfðu brjef Hermanns Jónassonar að engu og voru sammála meðráðherrum sínum um, að gera efna-hagssamninginn við Bandaríkin, á þann veg sem gert var. — Auðvitað höfðu ráðherrarnir meiri hluta flokks síns á bak við sig, þegar þeir einskisvirtu brjef Hermanns, enda hefir flokkurinn á Alþingi staðið með öllum ákvörðunum, sem gera hefir þurft til framkvæmdar þessum samningi.

Annað væri og í meira lagi fráleitt, því að ef nokkur einstjett hefir umfram aðrar haft gagn af þáttöku Íslands í efna-hagssamvinnunni, þá eru það bændur, sem Framsókn öðru hvoru telur sig sjerstakan fulltrúa fyrir.

Hið almenna fylgi, sem þáttaka Íslands í þessu samstarfi hefir hlotið, á og vafalaust sinn þátt í því, að Hermann Jónasson hefir ekki fram að þessu sjerstaklega hampað hinu furðu-lega brjefi sínu frá 2. júlí 1948.

En það brjef er vandlega geymt og stendur sem óbrottgjarn minnisvarði um ósamkomulag Hermanns Jónassonar í mikilsverðu utanrikismáli, ekki aðeins við andstæðinga sína utan flokksins, heldur fyrst og fremst við sjálfan meiri hluta Framsóknarflokksins.

Hermann óttast meiri hluta síns eigin flokks

Afstaða Hermanns Jónassonar í Atlantshafssbandalaginu er hógsamlega kunn

Hermann Jónasson sat ekki hjá við atkvæðagreiðsluna í því

máli vegna þess, að hann fengi ekki af sjer að greiða atkvæði á móti „meiri hluta ríkisstjórnarinnar“, heldur vegna hins, að hann þorði ekki að greiða atkvæði á móti yfirgræfandi meiri hluta síns eigin flokks, meðan hann enn taldist formaður hans.

Eysteinn er flugmálaráðherra

Um framkvæmdina á Keflavíkurflugvallarsamningnum er það að segja, að hún heyrir undir mörg ráðuneyti. Gagnvart Bandaríkjum hefir utanrikisráðuneytið að sjálfsgögðu milligöngu en fer þar auðvitað eftir þeim ákvörðunum, er teknað eru í þeim ráðuneytum, sem hvert mál heyrir undir.

En jafnvel um það, sem segja mætti, að utanrikisráðuneytið ætti eitt að fjalla um, hefir í þessum efnum því verið fylgt að hafa aðeins samráð og samkomulag við ríkisstjórnina í heild. Einmitt vegna þess, að hjer var um mikilsháttar mál að ræða.

Annars heyra málefni Keflavíkurflugvallar auðvitað ekki síst undir flugmálaráðuneytið, en því veitir Eysteinn Jónsson, svo sem kunnugt er, forstöðu.

Engin ástæða er til þess, að neinn skjóti sjer í þessu undanþeirri ábyrgð, er honum ber, eða reyni að velta af sjer yfir á annan, en ef menn vilja sjerstaklega finna að framkvæmd Keflavíkurflugvallarsamningsins verður ekki unnt að komast hjá því, að minna á, að flugmálaráðherrinn er Eysteinn Jónsson. Hermann Jónasson og rógskrifarár Timans ættu að hafa þetta í huga, þegar þeir hafa uppi rógsögur sínar af þessu tilefni.

En varðandi sjálfa gerð Keflavíkurflugvallarsamningsins, var Hermann Jónasson í andstöðu við mikinn hluta flokks síns, þ. á. m. Eysteinn Jónsson, svo sem menn rekurnu minni til. Ágreiningur þeirra í þeim efnum er þess vegna engin ný bóla.

Hermann og varúdin

Annars hefir Hermann Jónasson um allar þessar samningagerðir, flugvallarsamning, efna-hagssamvinnusamning og Atlantshafssamning, látið svo sem hann væri þvílikri samningsgerð ekki andstæður að meginsteftnu. Hann hefir aðeins látið svo sem nægileg íhugun þessara mála-hafi ekki átt sjer stað.

Þau hefðu þurft vandlegri meðferð en fengist hefði, gallinn væri sá, að um of hefði verið rás að fyrir ráð fram og flýtt sjer við samningsgerðina.

Einmitt af þessu tilefni minti

Bjarni Benediktsson nýlega á það í einum af greinum sínum um utanrikismál hjer i blaðinu, að Hermann Jónasson gerði töluvert aðrar kröfur í þessum efnum, þegar hann var sjálfur forsætisráðherra.

Önnur starfsaðferð þegar Hermann var forsætisráðherra

Þá gerði h. . . af skyndingu án samráðs við utanrikismálanefnd og Alþingi, hervarnarsamninginn við Bandaríkin á árinu 1941. Þann samning, sem markar alger stefnuskil í utanrikismálum Íslendinga. Á þetta var ekki minnt Hermanni til lasts. Þvert á móti mun Hermann Jónasson aðeins verða talinn maður að meiri fyrir að hafa gert þann samning.

Hitt er rjett, sem Finnbogi Rútur Valdimarsson nýl. minnti á, að Hermann Jónasson lagði ekki málefna lega mikil til þeirrar samningsgerðar. En það var ekki ert einstakt. Þannig var því varið með öll hans „störf“, aðrir urðu að vinna þau, en sjálfur vildi hann hafa dýrðina. Í sambandi við þessa samningsgerð lagði Hermann á það megináherslu, að hann sjálfur skiftist á orðsendingum við Roosevelt forseta Bandaríkjanna, en hvorki ríkisstjóri nje sá ráðherranna (Stefán Jóhann), sem for með utanrikismál.

Samningurinn 1941 var gerður vegna hagsmunar Íslands og er öllum þeim til sœmdar, er ábyrgð bera á honum. — Þetta haggar ekki hinu, að samningurinn var gerður af mikilli skyndingu og mundi um sumt hafa verið betri, ef lengri tími hefði verið til stefnu.

Þetta liggr í hlutarins eðli og er engum til ásökunar. Ær reynslan og sú, jafnvel um þá samninga, sem ærinn tími hefir verið til að gera, að fáir eða engir hafa enn verið gerðir, svo að ekki orkaði einhvers tví mælis um skilning á sumum ákvæðum þeirra.

Verjandi Hermanns

Bjarni Benediktsson benti á, að þannig hefði þessu verið varði um hervarnarsamninginn. — Af því tilefni rifjar nú skjólstæðingur Hermanns Jónassonar, Finnbogi Rútur Valdimarsson, það upp, að Bjarni Benediktsson hafi einmitt orðað id sú að fára þarna að samflokksmönnum sínum í ráðherrastólinum, þótt hann þyrði ekki að nefna þá. Ef sá hefir ekki verið tilgangurinn er tilraunin til að ófrægja andstæðingana of klunaleg.

Framsóknarmenn eru vissulega ekki öfundsverðir af foringja sínum og sú fylking sannarlega ekki sigurstrangleg, þar sem súlikur er oddvitinn.

furða, þótt Finnbogi Rútur Valdimarsson geti áttá árum eftir að samningurinn var gerður og þegar hann er fyrir þremur árum úr gildi fallinn, gert til-lögu um, hvernig betur hefði mátt orða eitt atriði, sem Bjarni Benediktsson o. fl. hafar fyrir mörgum árum bent á að óljóst var. Það er vissulega á-naegjulegt, að sjást skuli þó þessi fyrsti vottur árangurs 4—5 ára þjóðrjettarnáms Finnboga Rúts Valdimarssonar viða um lönd!!!

Það þarf sannarlega ekki lítt inn speking til að geta eftir áttá ára umhugsun og þenna undirbuning, fundið ljósara orðalag á einu ákvæði langa samnings, sem Bjarni Benediktsson gerði frumdrög að á áttá tímum á einni nótta. Hitt er annað mál, að Bjarni Benediktsson gerði frumdrög sin í samræmi við það, er samkomulag var um meðal þeirra, sem um þetta fjölluðu, og ef aðrir sáu betur en hann, þá var hægurinn hjá að bæta um þau frumdrög, sem Bjarni samdi. Ef Finnbogi Rútur Valdimarsson hefir ekki meira á borð að bera um vanda-mál þjóðfjelagsins en slíka speki, hefði honum verið öruggara að halda sig við þau skrif í Þjóðviljanum, sem hann að eins hefir lagt innræti sitt við, en hvorki nafn nje ljósmynnd.

Skríða saman

Hermann Jónasson er vissulega ekki öfundsverður af þessum verjanda sínum. Og er það þó einkennilegt, hvernig það skriður saman að lokum, er saman á.

Hermann Jónasson hefði betur sleppt ásökunum á „meiri hluta ríkisstjórnarinnar“ út af utanrikismálunum úr afsökunarbrjefi sínu. Þessi ummæli verða einungis til þess að rifja það ennþá einu sinni upp fyrir alþjóð, að ágreiningur Hermanns Jónassonar um hin mest varðandi þjóðmál, er ekki einungis við aðra flokka, heldur aðallega við meiri hlutann í sín um eigin flokki.

Sjálfsgagt hafa það átt að vera mikil klókindi að haga orðum á bann veg, sem Hermann gerði. En þar er sannarlega ekki um að ræða hyggindi, er í hag koma fyrir Hermann. Hann hefur í senn gerst sekur um aumlegar blekkingar og rifjað enn einu sinni upp, að flokkur hans hefir hrifst af sjer forstu hanskum í öllum þeim málum, er miklu skifta.

Má og raunar mikil vera, eftirlan Hermanns hefir ekki verið tilgangurinn er tilraunin til að ófrægja andstæðingana of klunaleg. —

Framsóknarmenn eru vissulega ekki öfundsverðir af foringja sínum og sú fylking sannarlega ekki sigurstrangleg, þar sem súlikur er oddvitinn.

30. sept. 1949

MORGUNBLADIB

Frjáls verslun og a fnám haftanna er eina ráðið til að bætu úr verslunarólaginu

EKKI verður um það deilt, að ástandið sem nú ríkir — og síðustu ár hefur ríkt — um útvegum á vefnaðarvörum og öðrum nauðsynjum heimilanna, er óhafandi.

Ahrif aflabrestsins

29. sept. 1949

KOMMÚNISTAR HÆLAST UM YFIR KJARNORKUSPRENGJU RÚSSA

KOMMÚNISTAR kunna sjer ekki hóf í gleði sinni yfir kjarnorkusprengjunnar í Rússlandi. S.l. sunnudag birtir Þjóðviljinn hvorki fleiri nje færri en fjórðar stórgreinar af þessu tilefni.

Hótanir kommúnista

Þar er sagt að eina ráðið til að forða Íslandi frá því að verða „skotmark“ sje, að Íslendingar taki tafarlaust upp utanríkisstefnu kommúnista.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem slikar hótanir eru bornar fram. Í umræðum á Alþingi vorið 1948 tilkynnti Einar Olgeirsson, að ef kommúnistar fengi ekki að ráða, mundi atomsprengju verða kastað á Ísland.

Menn eru því farnir að venja ast slíku orðbragði og meta það að verðugu. En sjálfsagt telja kommúnistar, að nú fylgi meiri kraftur orðum þeirra en áður, þar sem vitað er, að Rússar hafa þetta ægivopn undir hönd um.

Mikil tíðindi en ekki óvænt

Auðvitað eru það mikil tíðindi, ef Rússar hafa getað framleitt atómþrengju. Engan veginn er þó hægt að segja, að þau sjéu óvænt. Vitað er, að Rússar hafa lagt gífurlegt kapp á þessa framleiðslu undanfarin ár, í því skyni hafa þeir verið sjer úti um fróðleik, bæði um rannsóknir Þjóðverja í þessum efnunum og um framleiðslaðferð Vesturveldanna. Njósirnar miklu i Kanada voru einmitt fyrst og fremst til að afla Rúss um vitneskju um leyndardóminn við framleiðslu atomsprengjunnar.

Eftir þá vitneskju sem Rússar höfðu öðlast með þessu móti og úr þeim skýrslum, sem visindamenn birtu um þessi efni, var talið, að ekki gæti liðið nema fá ár þangað til Rússar gætu sjálfir framleitt slikar sprengjur.

Hefur ætið verið haldið, að Rússar mundu með fyrrgreindum aðferðum hafa aflað sjer þeirrar visindalegrar fræðslu, sem væri forsenda framleiðslunnar. Það eina, sem á vantaði, væri framleiðslugetan. Hvort sú geta er fyrir hendi árinu fyrr eða síðar skiptir ekki öllu málum.

Alþjóða eftirlit nauðsynlegt

Aðalatriðið er, að engum hefur dulist, að Rússar myndu, áður en langt um liði, hefja framleiðslu á þessum vígvjelum eins og öðrum. Það er einmitt vegna þess, að allir hafa óttast kappilaup um framleiðslu kjarnorkusprengja, sem yfirgræfandi ríðirhluti Sameinuðu þjóðanna hefir viljað koma á raunverulegu eftirliti með kjarnorkuframleiðslu.

EKKI hefir staðið á Bandaríkjunum í þeim efnunum. Þau mitt vegna þess, að Vesturveldi hafa bvert á móti boðist til að láta vitneskju sína í tje alþjóð-

legri stofnun, svo fremi, að istar hafa sótt svo fram með samkomulag kæmist á um, að allar aðrar þjóðir gerðu slikt hið sama, og raunverulegu eftirliti væri komið á til að tryggja að eigi yrði brotið á móti þeim reglum, er settar yrði í þessum efnunum.

Auðvitað er með öllu gagnslaust að setja upp alþjóðastofnun í þessu skyni, ef hún fær ekki vald til að sjá um, að fyrir mælum hennar verði hlýtt. En um þetta hefir ágreiningurinn einmitt verið.

Rússar hafa ekki viljað raunverulegt eftirlit

Kommúnistar hafa flutt um þetta einskis verðar pappírstillögur. Þeir hafa barist á móti virku alþjóðaeftirliti. Aðrir hafa talið, að með slíku væri opnuð leið til þess, að þær þjóðir, er vildu brjóta reglurnar, og framleiða kjarnorkusprengjur í blóra við þær, gerðu það. — Alþjóðareglur stoða lítt ef ekki er tryggt, að eftir þeim sje farið.

Af þessum sökum hefir ekki náðst samkomulag um kjarnorkumálin á þingi Sameinuðu þjóðanna og hefir engum dulist, hvað fyrir Rússum vekti með því að hindra slikt samkomulag.

Það er eftir öðrum málflutningi kommúnista, að þeir ásaka lýðræðisþjóðirnar fyrir að hindra það samkomulag, sem þeir sjálfir hafa komið í veg fyrir.

Ágengni kommúnista eftir stríð

Alveg með sama hætti segja kommúnistar, að Bandaríkin hafi undanfarin ár ógnað heimsfriðinum með kjarnorkusprengju sinni. Er svo að skilja sem þeir hafi kúgað undir sig þjóðir og svælt undir sig lönd með hótunum um að beita þessu ógnarvopni.

Um slíkar fjarstæður þarf ekki að fara mörgum orðum. Allir vita, að það eru aðrir en Bandaríkjumenn, sem hafa lagt undir sig lönd og kúgað friðsamar þjóðir eftir síðustu heimsstyrjöld. Ef kjarnorkusprengjan hefði verið í höndum yfirgangssegja frá árinu 1945 hefði ekki sá friður haldist, sem þó hefir verið.

Bæði í austri og vestri hafa lýðræðisþjóðirnar átt í völk að verjast. Þjóðviljinn hefir hvað eftir annað hæðst að Bandaríkjumnum og Vesturveldum yfirleitt fyrir, að láta kommúnista eyða áhrifum sínum í Kína.

Brynjólfur Bjarnason skop aðist á síðasta Alþingi að Vesturveldunum fyrir að ráða ekki við nokkra tugi þúsunda skærulíða í Grikklandi. Það er einhverji að hafa ekki vilið heita kjarnorkusprengjunni, sem kommúnista hefur ófengið.

EKKI hefir staðið á Bandaríkjunum í þeim efnunum. Þau mitt vegna þess, að Vesturveldi hafa bvert á móti boðist til að láta vitneskju sína í tje alþjóð-

Niðurstaðan varð sú, að Eyjamenn urðu að láta í minni pokann og fresta ákvörðun framboðs um sinn. En þeir munu hafa komið Brynjólfí í skilning um, að honum yrði síst til vinnings að bjóða sig fram í Eyjum. Áreiðanlegt væri, að fylgi hans myndi minka þar stórlæg, enda hefði hann ekkiert sinnt Eyjamönnum eða mál efnun þeirra frá því að hann varð uppbótarþingmaður þaðan. Hvað sem liði fylgi flokksdeildarinnar í heild meðal Eyjamaðra og horfurnar mundu síst vera bjartari í Eyjum en annarsstaðar, bá væri þó áreiðanlegt, að engir kommúnistar ættu þar minna fylgi að fagna en Brynjólfur.

Hefnd Brynjólfus

Brynjólfur ljet þenna fróðleik sjer að kenningu verða og heimtaði sig inn á lista í Reykjavík. Reiði hans varð hinsvegar svo mögnuð, að hann hjet kommúnistum í Eyjum því, að þeir skyldu engan fá kosinn. Hann sat ráunar ekki neitast heim um framboðandana, en hann bannaði framboðandanum að vera á

landslista og svifti hann þar með uppbótarþingsætis möguleikum, sem er eini hugsanlegi möguleikinn til að kommúnistar í Eyjum fái mann kosinn.

Auðvitað gat enginn risið gegn beinum fyrmælum aðal-umboðsmanns Kominform, en með misjafnri gleði mun það hafa verið, sem flokksdeildarmenn í Reykjavík neyddust til að taka Brynjólf til framboðs.

Hrakningar Sigfúsar

Tilgangurinn var þá sá, að ryðja Sigfúsi Annesi af listanum. Mun hafa verið leitað norður í heimabygðir Sigfúsar við Eyjafjörð og spurst fyrir, hvernig því yrði tekið, ef hann væri þar í kjöri, og þá e. t. v. ráðað á landslista. En þar var fyrir skólabróðir Gottwalds, maðurinn, sem sagði „hvað varðar mig um þjóðarhag“, og hjelt hann fast í efsta sæti sitt á kommalistanum í Eyjafjörði.

Eftir að Eyjafjarðartilraunin reyndist árangurslaus, var breif að fyrir sjer í Gullbringu og Kjós. Þar hafði Sigfús Annesi verið í kjöri áður fyrri, en við svo tiltakanlega litinn orðstýr, að menn minust þess enn mörgum árum síðar. Hugðu allir það óráðlegt, að sýna guðsmanninn þar aftur.

Katrín vill meiri tekjur

Að lokum varð það til bjargar Sigfúsi, að ungfrú Katrín Thoroddsen neitaði með öllu að vera áfram á þingi. Hún sagðist hreint út ekki hafa efni á því, að sitja þar lengur. Henni væri ómögulegt að stunda sjúklinga sína, ef hún mikinn hluta árs ætti mikinn eða mestan hluta dags að sitja bundin við bingstörf. Með þessu færi „praksisinn“ forgörðum og hún tapaði stórfje, og gæti ver en áður útbreitt kenningar kommúnismans um leið og hún sinti læknisstörfunum.

Ungfrú Katrín er skapfost, þegar hún tekur ákvörðun sína, enda er henni brátt fyrir umhyggju sína fyrir kommúnismum, ekki sama um hin veraldlegu gæði. Henni varð því ekki haggað, og var hún þess vegna flutt í vonlaust sæti og Sigfúsi lofað að dingla, þar sem flokksdeildarbroddarnir verða að láta sem þeir telji dálitla von, þótt allar líkur sjeu til, að sú von reynist halðlaus á kjördegi.

Sumir höfðu haldið, að ástæðan til tregðu ungfrú Katrínar til að bjóða sig fram að bessu sinni, væri sú, að hún hefði sannfærst um, að eiðurinn, er hún vann um sjálfstæði íslenska kommúnistaflokksins gegn Rússum, hefði verið rangur. Auðvitað hlýtur jafngreindri konu og ungfrú Katrínú nú orðið að vera ljóst, að hún sér þá með staða stafla. En hún hefur ekki heilindi til að játa það, því miður vegna

hennar sjálfrar. Hana skortir og heilindi til að segja frá hinni sönnu ástæðu þess, að hún er flutt neðar á listann nú en áður, og lætur svo sem það sje vegna þess, að hún vilji endilega vera í sem allra harðastri baráttu!!!

Utanbæjarmennirnir 3

Mannfátækt kommúnista hjer í bæ, kemur í engu betur fram en því, að af 16 framboðendum þeirra hjer, eru þrír utanbæjarmenn:

Kompásakonni, sem býr fram á Seltjarnarnesi. Aðstoðarlæknisfrú á Vífilsstöðum, dóttir eins ríkasta manns í Hafnarfjörði, og skáldið með bílana tvö og skrauthýsið á Gljúfasteini. Hefðu það þótt nokkur undur fyrir fjórum árum, þegar kommúnistar þóttust vera orðir stærsti flokkurinn í Reykjavík, að mannfæð þeirra væri nú orðin svo ber hjer í bæ, að þeir gætu ekki komið saman 16 manna lista án þess að sækja því út fyrir bæjartakmörkin.

HERMANNSDEILDIN OG KOMMÚNISTAR

HLAKKA YFIR AFLABRESTINUM

Óhöpp og örbergð eru eina von sundrungarmannanna

ÆTLA hefði mætt, að allir Íslendingar mundu harma það, hversu hrápalega sildveiðarnar hafa brugðist á því sumri, sem nú er að liða.

Væri og of sagt ef fullyrt væri, að nokkrir hefðu berum orðum látið uppi gleði yfir því, hversu illa hefur til tekist. Hinu verður ekki neitað, að i sumum hefir hlakkað yfir aflabrestinum og afleiðingum hans.

Fje, sem vel var varið

Hermannsdeildin í Framsókn vitnar í hið örðuga fjármálaástand, er leiðir af aflabrestinum, sem sönnun þess, að nú sjeu hrunspár þeirra kumpána að rætast.

Reynslan af útflutningi síðasta árs sýndi þvert á móti, að Íslendingar höfðu varið vel því fje, sem þeir höfðu keypt nýsköpunartækin fyrir. Um aflabréði voru Íslendingar alls ekki meira en i meðallagi heppnir á því ári. Þá kom að visu til útflutnings Faxaflóasíldin, er veiddist 1947—48. Í hennar stað brást sumarsildveiðin að mestu. Var bessvegna síst um meira en meðalaflabréði í heild að ræða, miðað við veiðitæki og verkunarmöguleika.

Þrátt fyrir það jökst útflutningurinn úr 290.5 millj. árið 1947 upp í 396 millj. árið 1948.

Petta var fyrst og fremst að þakka nýsköpunartækjunum. Er vissulega sjaldgæft, að nokkur framkvæmd gefi svo mikil af sjer á skömmum tíma, sem hjer reyndist um nýsköpunartækin.

Pegar Tímalíðið þóttist hafa verið með nýsköpuninni

Með þessu voru auðvitað ekki læknuð öll mein íslensks fjárhagslifs, en ótvírett var sann að, að nýsköpunin hafði náð tilgangi sinum og gerði mun ljettara en áður að lifa í þessu landi.

Afleiðing þessa varð sú, að Tímalíðið fór að halda því fram, að það hefði aldrei verið á móti nýsköpuninni. Hið eina, sem að hefði verið, væri, að hún hefði ekki verið nágu stórkostleg!!! Ennþá meira hefði átt að gera en gert var.

Jafnvel Skúli Guðmundsson, sem einna minnst lát hefur orðið á í andstöðunni við framfarir, hverju nafni sem nefnast, reyndi að malda í móinn, þegar minnt var á sögu hans um „spítu og svo spítu í kross“, o. s. frv. Nú þóttist hann alis ekki hafa verið á móti nýsköpunartogurunum, heldur aðeins viljað hafa þá ennþá vandaði en þeir, sem beittu sjer fyrir byggingu skipanna.

Sýna sitt rjetta andlit

Því miður hafa aflabréðin í ár verið mun-lakari en í fyrra. Hverttveggja hefur brugðist að mestu, Faxaflóasíldin og sumarveiðin. Hin miklu nýsköpunartæki, sem fengin voru til að hagnýta aflann, hafa þessvegna

ekki komið að gagni, nema í ör-fáum tilfellum, heldur yfirleitt

Petta hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að Tímalíðið hefur nú enn á ný snúist á móti nýsköpuninni. Í stað þess, að i fyrra var hún ekki talin hafa verið nágu mikil, er hún nú kölluð „óverjanlegt fjármálasukk“, sem „hlotið hafi að leiða til fjármálaöngþveitis.“

Afleiðingar aflabrestsins

Öll könumst við við þann söng. Almenningur hefur svo oft heyrt þenna afturhaldsóm úr Timaherbúðunum, að hann bekkir strax hvaðan hann kemur. Almenningur skilur og mæta vel, að aflabresturinn er ekki á neinn veg að kenna fjármálastjórn eða meinsemendum dýrtíðarinnar.

Allir vita hvílikar hörmungar hafa fyrr og síðar gengið yfir land okkar af völdum harðinda. Allir hafa einnig heyrt getið um, að uppskerubrestur hefur alvarleg áhrif á afkomumanna í landbúnaðarlöndum. Alveg á sama veg hlýtur aflabrestur að valda miklu erfiðleikum hjá fiskveiðibjóði. Þegar fjórði hluti útflutningsteknanna, varlega áætlaðra, bregst, hlýtur það einhversstaðar að koma fram.

Tvöfeldni Tímalíðsins

Þeir einir hafa rjett til að býsnast yfir örðugleikum, sem af sliku stafa, er barist hafa móti því, að Íslendingar reistu sildarverksmiðjur og fengju sjer sildveiðiskip.

Framsóknarmenn, sem hæla sjer af því, að þeir eigi manna mestan þátt í byggingu Sildarverksmiðja ríkisins, og ásamt öðrum Austfjarðaþíggönnunum heimtuðu, að sildarverksmiðja væri byggð á Austfjörðum á sl. ári, geta allra manna síst ákært aðra í þessu efni.

Stundum hafa þeir einnig hælt sjer af, að hafa beitt sjer fyrir kaupum Svíþjóðarbátanna til landsins, eða a. m. k. gleyma þeir þeir þurfa að hæla Vilhjálmi Þór.

Auðvitað er mest af því, sem Tímadóttir segja um vináttu sína við sjávarútveginn skrum og blekking. En með gorti sínu hafa þeir þó svift sjálfa sig möguleikanum til að geta með rjettu ásakað aðra fyrir, að of mikil sje treyst á þenna atvinnuveg.

Kommúnistar enn aumari

Framkoma kommúnista er þó enn aumari en Framsóknarmanna. Allir vita að Framsóknar var raunverulega á móti nýsköpunartæki, sem fengin voru til að hagnýta aflann, hafa þessvegna

öðru vísi. Kommúnistar tóku aftur á móti þátt i framkvæmd hennar, þótt heilindi þeirra í þeim efnum sem öðrum væri ærið blendin.

Hlakk þeirra yfir aflabrestinum í sumar hefur hinsvegar verið ennþá augljósara en nokkur urntíma Hermannsliðanna. Ástæðurnar til þessa eru auðsæar.

Kommúnistar vona, að aflabresturinn verði til þess, að skapa hjer það atvinnuleysi og öngþveiti, sem þeir sifelt hafa þóst sjá fyrir frá því þeir hlupu úr ríkisstjórninni um áramótin 1946—47, einmitt vegna þess, að þeir vildu ekki bera ábyrgðina, þegar örðugleikarnir steðjuðu að.

Hrakspár kommúnista hafa reynst markleysa

Fram að þessu hafa allar hrakspár kommúnista reynst markleysuhjal. Þrátt fyrir alla örðugleika hefur hjer haldist full atvinna og mun betri lífskjör almennings, en víðast hvar annarsstaðar í Norðurálfu, svo að ekki sje talað um löndin fyrir austan járnþjaldi, þar sem fólkid er óendenlega miklu ver sett en hjer.

Yfirmennirnir í Kreml voru hinsvegar búnir að spá því, að á þessum árum mundi mikil kreppa skella yfir „auðvaldsrikini“. Kommúnistar hjer þorðu ekki að vera við völd, þegar sú kreppa kæmi, heldur ætluðu sjer að fiska í gruggugu vatni og nota sjer óánægju almennings til aukinna áhrifa. Enda töldu þeir óhjákvæmilegt, að hjer á landi skapaðist atvinnuleysi, eftir að inneignunum, sem safnast höfðu í stríðinu, hafði verið eytt og þangað til nýsköpunartækin kæmi að fullu gagni.

Kommúnistar staðnir að svíkum

Á þessum árum hefur auðvit að margt miður farið en skyldi, en kommúnistar hafa ekki náð megin tilgangi sínum, heldur einungis orðið sjálfir berir að svíkum við íslensku bjóðina. Hrun og vandræði eru nú eina von bessara ólánsmanna, og þessvegna hlakka þeir yfir aflabresti og annari ógæfu sem hendir Íslendinga.

Önnur ástæða fyrir hlakki kommúnista yfir aflabrestinum nú er sú, að vegna hans telja þeir sig fá átyllu til rógs út af nýsköpunarframkvæmdum núverandi ríkisstjórnar.

Kommúnistar hafa sjerstaklega lagt í einelti sildarvinsluskipið Hæring, og hælst um yfir því, að Hæringur skuli enn ekki hafa fengi verkefni kvenna svo rammt að því á dögum, þá hefði veiðist sild. En síðan

til Seyðisfjarðar, að Þjóðviljin skrifði dag eftir dag um það hneyksli, að Hæringur skyldi ekki vera austur þar til að vinna úr sildinni. Var svo að skilja, sem allur aflabrestur mundi úr sögunni ef ekki hefði staðið á Hæring!!!

Kommúnistar vildu kaupa sildarvinsluskip

Sannleikurinn er sá, að kommúnistar voru hví ekki síður fylgjandi en aðrir, að sildarvinsluskip væri keypt hingað til landsins. Það var fyrst eftir að sildarresturinn varð í Hvalfirði í fyrra, sem kommúnistar ljetu bóla á fjandskap sínum við þessa framkvæmd.

Það var og að vonum, að kommúnistar væri ekki strax frá upphafi á móti þessum aðgerðum, hví að baði 1946 og 1947, þegar segja mátti, að sildin kæmi mönnum að óvörum, ætluðu kommúnistar af göflunum að ganga yfir, að ekki væri fyrir hendi fullkominn tæki til vinnslu hennar. Á þeim situr hví allra manna síst, að ásaka aðra fyrir að hafa aflat bessara vinslutækja.

Áki kemur við sögu

Í vor voru ráðagerðir uppi um, að flytja Hæring austur eða norður til sildarvinslu þar. Ráðstafanir voru gerðar í þessu skyni, en allir komu sjer saman um, að vegna hinnar miklu vinnslugetu, sem verksmiðjurnar á Norðurlandi nú hefðu. Vær ástæðulaust að flytja skipið fyrir en sýnt væri, hvort einhver sildveiði yrði.

Því miður varð aflinn svo lítlill, að þótt skipið hefði verið flutt, mundi það litla eða enga sild hafa fengið. Af þeim ráðstöfunum hefði því einungis verið lagt í enn nýjan kostnað, sem engum hefði komið að gagni. Nógar byrðar hvíla á útveginum nú þegar vegna sildarverksmiðjanna, sem reistar hafa verið og standa ónotaðar á eftir ár.

Allir vildu byggja þær verksmiðjur, en úr því kommúnistar minna á sig verður ekki hjá því komist, að drepa á „afrek“ Áka Jakobssonar í því samboandi.

Miljónatugirnir, sem Áki borgar aldrei

Áki Jakobsson jók byggingarkostnað nýju sildarverksmiðjunnar á Siglufjörði og verksmiðjunnar á Skagaströndum tugi milljóna, einungis vegna þess, að hann vildi, að bær yrðu til fyrir vertið 1946. Allt var það verk unnið fyrir gíg. Verksmiðjurnar hefðu ekki komið að gagni, en síðan

Framhald af fyrri dálki, má segja, að nær engin sild hafi komið til vinslu í þessum verksmiðjum og á það þó einkanlega við um Skagastrandarverksmiðjuna.

Áki Jakobsson ber ekki á byrgð á, að þessar verksmiðjur voru reistar, en honum er að kenna, að þær urðu milljónatugum dýrari en þurfti að vera. Þeir, sem sliktan feril eiga ættu ekki að vera að minna á sig að fyrra bragði. Skómm Áka Jakobssonar og fjlaga hans er ærin, þótt þeir auki ekki á hana með hví að hælast um yfir aflabresti og ógæftum.

Sigur Sjálfstæðismanna horfir til þjéðarheilla

Lubbaskapur Hermannsdeild arinnar og kommúnista mun ekki falla mönnum úr minni í bráð. Hann verður til þess, að enn þá fleiri snúa bakinu við þessum óþokka-lýð en ella hefði gert. Íslendingar treysta ekki þeirri samfylkingu til hollra átaka þjóðinni til gagns. Menn vita, að flest, sem geri hefur verið til að gera kjör almennings á Íslandi lifvænleg, hefur verið gert fyrir forustu og með atbeina Sjálfstæðismanna. Þess vegna minkar nú líð sundrungarmannana með cegi fyrir þær fólkir Sjálfstæðismanna vex, þjóðinni allri til heilla.

20. Sept. 1949

Atvinnu handa öllum og styrkjalaus starfsemi atvinnuveganna er markmiðið

DESS hefur undanfarið orðið vart, að sumir hafa reynt að gera gengi íslensku krónunnar að kosningamáli.

Er þó erfitt að sjá, hvernig nokkur flokkur getur gert það að stefnumáli sínu eða kröfum, að gengisfelling skuli eiga sjer stað. Auðvitað hljóta allir að óska eftir því, að gengið haldist óbreytt, eða a. m. k. er það harla óliklegt, að nokkrum geti verið það eitt út af fyrir sig áhugamál, að gengi íslensku krónunnar sje sem allra lægst. En jafn fráleitt er hitt, að lýsa því yfir, að genginu skuli aldrei verða breytt, hvað sem á dynur.

Akvörðun Bretta

Menn hafa nú um helgina úti í löndum sjeð þess glögg dæmi, hve síkar yfirlýsingar eru lítils virði.

Enginn hefur lýst ákveðnar yfir því en Sir Stafford Cripps, að gengi sterlingspundsins mundi ekki verða lækkað. En á sunnudagskvöldið hjelt sjálfur Sir Stafford Cripps ræðu í breska útvarpið og tilkynnti, að gengi sterlingspundsins gagnvart dollar hefði verið breytt úr 4,03 dollar í pundinu í 2,80. Í þessu fellst rúmlega 30% lækku á gengi sterlingspundsins.

Sir Stafford Cripps gat þess í ræðu sinni, að í júlí s. 1. hefði hann lýst yfir, að gengi pundsins yrði ekki lækkað. Hann sagðist og gera sjer grein fyrir, að ákvörðunin um lækku pundsins væri mjög alvarleg ráðstöfun. Engu að síður hefði breska stjórnin ekki hikað við að taka þessa ákvörðun, þegar hún taldi það þjóðarnauðsyn.

Tvær leiðir

Um tvænt hefði verið að velja: Minkandi vöruútlutning til dollaralandanna, eða gengislækkun.

Minkandi útlutningur mundi orsaka minkandi framleiðslu í Bretlandi, sem síðan hefði leitt til atvinnuleysis og lækkaðs kaupgjalds, sem hvortteggja hefði haft i för með sjer minkanda spurn eftir dollaravörum.

Sir Stafford Cripps sagði, að að benna veg hefði mátt ná jöfnuði í gjaldeyriviðskiftum. Eftir fyrra striðið hefði þessari aðferð verið beitt og hún þá náð þeim tilgangi að jafna gjaldeyriviðskiftin, en með þeim afleiðingum, að almenningur hefði átt að búi við bág kjör og atvinnuleysi. Núverandi stjórn í Bretlandi hefði hinsvegar það áhugamál, að forðast um fram allt atvinnuleysi og halda lifskjörum bresku þjóðarinnar svo góðum, sem trekast væri unt. Þegar á daginn hefði komið, að eina ráðið til að forðast atvinnuleysi var, að lækka gengi sterlingspundsins og greiða þannig fyrir útlutningi til dollaralandanna, þá hefði stjórnin talið sjálfsgagt að beita því eina ráði, sem dugði.

Stjórnin hefði að vísu um sinn vonað, að aukin fram-

Gengisskráningu verður að miða við að hún stuðli að þessu

leiðsla og lækkaður tilkostnaður mundi gera gengisfellingu óþarfa. En ljóst væri orðið, að þessi úrræði væri of seinvirk, og hefði þá orðið að beita því eina ráði, sem liklegt var til að ná markinu nógum fljótt, sem sje gengisfellingu.

Ahrif á Íslandi

Þessi ákvörðun bresku stjórnarinnar skiftir Íslendinga miklu málum. Meginhlut íslenskra afurða er seldur til Bretlands eða landa, sem miða gjaldeyri sinn eða a. m. k. verslun sína við Ísland við breskan gjaldeyri.

Afleiðing þess, ef Íslendingar fylgdu nú ekki pundinu, mundi þess vegna verða stórkostleg lækku á verði næra allra íslenskra útlutningsvara.

Atvinnuvegirnir, sem nú þegar berjast í bökkum og geta flestir ekki starfað nema með stórkostlegum styrkjum, beint eða óbeint, af ríkisfje. Mundu lamast algerlega, ef þessi háttur væri hafður á. Svo að segja öll útlutningsverslun landsmanna mundi stöðvast og algert neyðarástand ríkja hjer á landi.

Íslendingar verða að fylgja pundinu

Auðvitað kemur ekki til greina að fara þá leið, sem mundi hafa slíkt í för með sjer. Enda hefur gengi íslensks gjaldeyris verið miðað við sterlingspundið frá því á árinu 1926, þar til þessu var breytt á stríðsárunum. Þegar gengi sterlingspundsins var reikulla en ella og það var því að nokkrum leyti tengt við dollar.

Þessar sjerstöku ástæður eru nú fyrir löngu úr sögunni svo að óhjákvæmilegt er, að við fylgjum nú pundinu. Ef það væri ekki gert mundi gengi íslensks gjaldeyris raunverulega hækka í langflestum tilfellum. En jafnvel þeir, er tiðræddast hafa látið sjer um gengismálið að undanförnu, hafa þó ekki gert tillögu um slíkt.

Lækku gagnvart dollar

Hinu verður ekki á móti mælt, að það, að fylgja pundinu hefir í för með sjer gengislækkun gagnvart dollar. Sú lækku gerir auðveldara um sölu íslenskra afurða í dollaralöndum, en hefur að öðru leyti truflandi áhrif, þó ekki sje i neinni líkingu við það, sem orðið hefði, ef sterlingspundinu væri ekki sylgt. Verður eflaust nauðsynlegt að gera sjerstakar ráðstafanir vegna þessara truflana, og munu stjórnarvöldin hafa þær til athugunar.

Ah! þetta sýnir, að ákvörðunin um fellingu á gengi pundsins hefur mikla beina býðingu íslenskum. Óbeni þýðing hennar er þó síst minni.

Menn sjá, hversu óraunhæft er að gera slíkt atriði, sem gengisskráningu, að hitamáli við kosningar. Tiltekin skráning á gengi gjaldeyris getur út af fyrir sig aldrei verið markmið, heldur aðeins aðferð eða leið til að ná markmiði.

Cripps hvarf frá yfirlýsingar sinni

Einn af fremstu og heiðarlegustu stjórnsmálmönnum heims, Sir Stafford Cripps hefur orðið að hverfa frá yfirlýsingar, er hann fyrir stuttu gaf, vafalaust í góðri trú. — Hann gerði það, vegna þess, að bött hann teldi óbreytta gengisskráningu mikilsverða, var honum ljóst, að þar var einungis um leið að marki að ræða, en ekki markmiði sjálf.

Markmiðið er: Farsæld almennings og atvinnu handa öllum. Skráning gengisins er að eins eitt af þeim atriðum, er getur haft áhrif á, hvort þessu markmiði verði náð eða ekki.

Ef óbreytt gengi hindrar að því verði náð, er fráleitt að ríghalda í það. Gengislækkun kann að vísu að hafa ýmiskonar truflanir í för með sjer, en ef hún getur forðað frá meira boli, sem sje atvinnuleysi og almennri fátaekt, þá tjáir ekki að horfa í hin minni háttar óbægind.

Lærdomur fyrir Íslendinga

Pannig hefur breska verkamannastjórnin litið á, og benna lærdom hafa fleiri gott af að ihuga. Á Íslandi, eins og í Bretlandi, hlýtur það að vera eitt af aðalviðfangsefnum stjórn málamannanna, að hjálpa til að halda uppi atvinnu handa öllum en koma í veg fyrir atvinnuleysi og almenna fátaekt. — Á meðan tiltekin gengisskráning hjálpar að þessu marki, er sjálf sagt að halda henni. En lengur ekki.

Allar breytingar á gengi gjaldeyrisins eru út af fyrir sig til ills, og þær ber þess vegna að forðast í allra lengstu lög. Breska stjórnin reyndi að forðast lækku pundsins, en þegar hún sá, að hún gat afstýrt enn þá meira boli með gengislækkun, en því að halda fast við fyrri yfirlýsingar, þá hikaði hún ekki við að gera það. sem hún taldi rjettast.

Hjer á landi er afstaðan að ýmsu leyti ólík. Vist er, að gengislækkun ein út af fyrir sig, lækkar hjer engin mein.

Viðfangsefni Íslendinga

Viðfangsefni Íslendinga er að halda uppi almennri atvinnu og sem allra mestri hagsæld almennings. Fram að þessu hefur þetta verið gert m. a. með viðtakum styrkjum af almenna fje til atvinnuveganna, marg-

konar höftum, hömlum og ríkisafskiftum.

Flestir eru nú orðnir samála um, að þessar þvinganir geti ekki verið til frambúðar. Enda fæst ekki meira fyrir afurðirnar á erlendum markaði, bött ríkisstyrkir sjeu greddir til að halda framleiðendum nokkurn veginn skaðlausum. Með því er einungis tekið úr öðrum vasanum, sem látið er í hinn og margskonar óþægindi leiða af.

Þess vegna verður nú að breyta til og gera atvinnuvegnum fært að starfa styrkjalaust. Þetta er markmið, sem keppa verður að, og það verður sjálfsgagt ekki gert nema með margháttuðum ráðstöfunum.

Styrkirnir auka ekki þjóðartekjurnar

Menn hafa óttast, að þær aðgerðir mundu þurfa að rýra lífskjörin frá því sem nú er. — Sílkt er með öllu óvist. Þjóðartekjurnar verða ekki meiri fyrir það, bött styrkir sjeu borgaðir með útlutningsframleiðslunni.

Það, sem gera þarf, er, að ihuga til hlítar, hvernig fullri atvinnu verði halðið uppi og atvinnuvegirnir starfræktir styrkjalaust án þess, að það hafi of mikla truflun í för með sjer fyrir fjárhagslíf þjóðarnar í heild. Síðan verður að bestu og fróðustu manna yfirsýn og í samráði við fulltrúa stjettanna, að velja þá leið, sem hagkvæmust er.

Almenningshagur sker úr

Í því sambandi er jafnfráleitt að segja, að þetta verði ekki gert með neinu öðru en gengislækkun, eins og að halda hinu fram, að gengislækkun komi alls ekki til mála. Ef gengislækkun er óhjákvæmileg verður hún jafnt á Íslandi og í Bretlandi, hvað sem öllum yfirlýsingum líður.

Hins verður að gæta, jafnt hjer sem þar, að hún verði ekki nema í ítrrustu nauðsyn og önnur hagkvæmari ráði dugi ekki. Hún má heldur aldrei verða nema sem liður í viðtækum ráðstöfunum, sem tryggja hag almenning og greiða fyrir, að hjer geti haldist full atvinna og lífvænleg kjör allra starfandi manna.

18. Sept. 1949

Áætlunarþúskapur er ómögulegur á Íslandi

Draumórar Gylfa P. Gíslasonar

„JAFNAÐARMENN vilja, að ríkisvaldið geti stjórnað framleiðslu, inn- og útflutningi, fjárfestingu og verðlagi, og þegar ríkisvaldið hefir algera aðstöðu til þess og gerir það, er einmitt um áætlunarþúskap að ræða“. (Leturbr. Mbl.).

Svo mörg eru orð Gylfa P. Gíslasonar, sem hann ritar í Alþýðublaðið nýlega og á að vera einskonar kosningaguðsspjall hans.

Það dettur vitaskuld engum í hug, að Alþýðuflokkurinn fái „algera aðstöðu“ til að stjórna öllu, sem máli skiptir í atvinnu málum í þessu landi, en þrátt fyrir það er ekki úr vegi að athuga nokkuð, hvað fellst í orðum Gylfa um hina „algeru aðstöðu“.

Hver óskar eftir meiru?

Það má með fullum sanni segja, að ríkisvaldið stjórni að verulegu leyti framleiðslunni, eins og nú hagár til. Híð opinbera á beinlinis sjálft sum stórvirkustu framleiðslutækkin, eins og síldarverksmiðjurnar, eða veruleg ráð á mörgum þeirra sem lánardrottinn, ábyrgðarmaður, eða hluthafi. Sveifarþjelögini eiga sjálf allmarga togara. — Þeð umfangsmiklu haftafyrirkomulagi, sem leiðir af sjer, að atvinnurekendur þurfa að sækja til þess opinbera leyfi til flestra hluta, er fyrir löngu komið svo, að ríkisvaldið getur stjórnað framleiðslunni að veru leyti.

Ef lengra á að ganga í þessu efni, getur ekkert annað tekið við en fullkomín ríkiseign á framleiðslutækjunum til þess að fullkomna það, að ríkið fái þá „algeru aðstöðu“, sem Gylfi telur, að það eigi að fá.

A svipaðan hátt má segja, að híð opinbera stjórni öllum inn- og útflutningi. Það þarf leyfi til slíkrar starfsemi í smáu og stóru. Ríkið segir til um fyrirkomulag allra viðskipta á svo gagngerðan hátt, að ef lengra á að halda á þeirri braut, getur ekki orðið um annað að ræða en landsverslun. Þá yrðu endanlega afnumin þau þróngu „freiheit“, sem utanríkisverslunin nýtur nú, og hin „algera aðstaða“ fengin.

Ríkisvaldið stjórnar nú þegar allri fjárfestingu og verðlagi á innflutnum vörum, svo að þar er hin „algera aðstaða“. Hins vegar ræður ríkið ekki verðlagi á vinnaflinu, en vafalaust á Gylfi einnig við verðlag á því, þegar hann skrifar um að ríkið þurfi að ráða verðlagi. Án slíkra yfrráða væri ekki fengin „alger aðstaða“ til að stjórnatvinnumálum landsins.

Það getur hver og einn svarið hví fyrir sig, hvort hann óski eftir að ríkið fái „algera aðstöðu“ til yfrráða á þann hátt, sem Gylfi P. Gíslason telur, að jafnaðarmenn vilji að það fái Fleiri munu þeir vera,

sem finnst, að ríkisvaldið hafi þegar fengið nágu viðtæka aðstöðu til að ráða fyrir einstaklingana, og sýna yfirburði sína, og almenningur mun tæplega óska þess, að aðstaðan verði „alger“.

Fánýtir draumórar

Gylfa P. Gíslason dreymir um áætlunarþúskap, þar sem ríkið sitji í hásæti. Áður en menn hugleiða, hvað slíkur þúskapur feli i sjer eða hverjar yrðu afleiðingar hans, er rjett að athuga, hvort hann er mögulegur, því að þeirri athugun lokinni er liklegt, að menn geti sparað sjer að brjóta heilann um hitt.

Við Íslendingar byggjum næri því alla framleiðslu okkar á gæftum og fiskgengd til sjávarar og sól og regni til landsins, en alt er slikt utan mannlegra yfrráða. Atvinnuvegirnir til sjávarins geta gerbrugðist og landbúnaður einnig að mestu leyti, þó að ófarnaðurinn þar verði sjaldnast jafn alger og til sjávarins. Flestar aðrar þjóðir eiga sjer nokkurnveginn örugga atvinnuvegi, sem þær geta byggt gengi sitt á frá ári til árs með mikilli vissu, en við eignum engin slik haldreipi, sem hægt er að „áætla“, hvað þola muni. Þótt fiskveiðar bregðist við Lofoten, hafa Nordmenn skógarhögg og námugröft og siglingar til að styðjast við auk margs annars. En við eignum ekkert slikt. Sama máli gegnir um Svíu, Dani og Finnu. Það má með nokkrum rjetti segja, að þær þjóðir geti gert talsvert öruggar áætlanir um framleiðslu sína og allan búskap, en það getum við Íslendingar ekki. Við getum ekki komist lengra en að geta gert áætlanir um takmarkaða þætti í búskap okkar, en slíkar áætlanir geta einstaklingarnir gert í búskap sinum og gera það nákvæmar og öruggar en skrifstofumenska þess opinbera megnar. Sú oftrú á ríkinu, áætlunum og skrifstofumensku, sem birtist í hinnum „gylfisku“ draumórum um „algera aðstöðu“ þess opinbera til að stjórnatvinnumálum okkar er blekking, háskaleg blekking, sem við höfum ekki nefni á að láta ginnast af.

Lifsskilyrðin á Íslandi eru erfið

SUMIR hafa tekið því fálega, að einn fremsti visindamaður heimsins, Mr. Julian Huxley, hefur ritað grein, þar sem hann lætur uppi þá skoðun, að vegna náttúrkilyrða liggi Ísland á mörkum þess, að hjer sje hægt að halda uppi menningarþjóðfjelagi.

Reynir á dug einstaklinganna

Ekkert er fjarstæðara en, að Íslendingar þurfi að þykkjast við, bött þvílik skoðun komi fram. Eðli íslensks þjóðfjelags verður þvert á móti ekki skilið, nema menn átti sig á þeim miklu ytri erfiðleikum, sem hjer er við að etja. Rjett á lítið getur engan undrað, bött hjer sje mörgu ábótavant. Hitt er miklu merkilegra og í raun og veru undursamlegt, að svo fámann þjóð, búsett á ystu mörkum menningarheimsins, skuli geta haldið uppi þvíliku þjóðfjelagi, sem við gerum.

Ástæðurnar til þess, að það, sem kalla má kraftaverk hins íslenska þjóðfjelags, hefur gerst eru auðvitað margar. Eitt af frumskilyrðum þess er, að hver einstakur Íslendingur verður að leggja meira af mörkum heldur en hver einstaklingur í hinnum stærri og auðugri þjóðfjögum. Þessi er líka reynslan.

Þýðing nýsköpunar og efnahagssamvinnu

Meðal-afli hvers einstaks íslensks sjómanns er t. d. margfaldur á við það, sem helstu riskveiðiþjóðir aðrar veiða að meðaltali á mann.

Það er þessi gífurlegi afli og dugnaður, sem gerir gæfumundi um það, hvort hjer geti verið sæmilega efnað og sjálftætt þjóðfjelag eða örsnauð útskerjabyggð.

Auðvitað er sjávaraflinn mestur. Vegna þess hversu hann er ótryggur, má segja, að fjárhagslf Íslendinga sje stundum um of líkt happdrætti. En því meiri áherslu ber að leggja á aukin afköst í sem allra flestum atvinnugreinum. Þau ein geta tryggt okkur örugga undurstöðu menningarþjóðfjelags á Íslandi.

Meðal annars þessvegna hafði nýsköpunin úrslitabýðingu, ekki aðeins fyrir efnahags afkomuna, heldur einnig fyrir tilvist sjálfstæðis íslensks ríkis. Á sama veg hjálpar þátttaka Íslendinga í Efnahagssamvinnu Evrópuríkjanna til að auka og tryggja möguleikana til þess, að menningarþjóðfjelag geti haldist hjer á landi.

Samvinna einstaklinga og almannavalds

Forysta ríkisins um ýmiskonar framfarir er vissulega nauðsynleg. Margt af því, sem hjer hefur verið best gert, hefði ekki orðið, ef ríkið hefði ekki látið atvinnumál meira til sín taka hjer, en viða annarsstaðar er gert.

Slik forysta má hinsvegar aldrei snúa upp í undirokun einstaklinganna. Allsherjar-skrifstofubákn i Reykjavík

Stefna Sjálfstæðismanna hefir reynst best

sem öllu á að stjórna, getur aldrei komið í stað hugmikilla, áræðinna og athafnasamra einstaklinga úti um allt land. Skipting landsins í fylki og margföldun skrifstofubáknsins, með því að skapa þannig enn einn lið milli hinna æðstu stjórnarvalda og almennings, mun ráða á þessu litla bót.

Bjargráðið hlýtur að vera það, að koma á slíkri samvinnu almannavaldsins og einstaklinganna, að hver geti lagt það af mörkum, sem hann er best fær um.

Ekki má berja niður athafnaþrána

Úrskurðurinn um það verður aldrei kveðinn upp á mollulegum og reykhjúpuðum nefndarfundum í einhverri hlýrri skrifstofubýggingu. Þat verður lífið sjálft að skera úr. Menn verða að fá færi á að sýna með athöfnum sínum, hver best dugar. Slikt er ekki aðeins athafnamönnum sjálfum fyrir bestu, heldur einnig hinum, sem þurfa á forystu athafnamannana að halda, til þess að þeim geti vegnað vel.

Viðtæk skipulagning og skrifstofumennska kann að duga í bjettbyggðum iðnaðarlöndum, en hún á ekki við hjer uppi á Íslandi. Hjer eru lifskjör allrar þjóðarinnar komin undir dugnaði og kjarki þeirra, sem sækja sjóinn og erja jörðina, og áræði við að troða nýjar brautir og ráðast í þær framkvæmdir, sem allir nefndaspekingarnir eðli sínu samkvæmt fyrirfram hrista höfuðin yfir.

Látum reynsluna skera úr

Íslendingar geta lært margt af öðrum. Reynslan hefur þegar sýnt, að þjóðinni vagnar þá best, þegar hún hefur haft færi að læra af sem flestum og tileinka sjer frá hverjum einum það, sem best hentar hjer á landi. Ástæðurnar eru svo ólikar, að jafnvel bött einhverjir aðrir hefði fundið upp fullkomið þjóðfjelag, sem enginn hefur gert fram að þessu, þá mundi slikt þjóðfjelag ekki eiga við þau sjerstöku skilyrði, sem hjer á landi eru fyrir hendi.

Ýmislegt af því sem menn deila um í stjórnmalum, er alls ekki stöðugrар deili vert. Hverjum gagnar t. d. hinn stöðugi kítingur um, hvort hagkvæmarara sje samvinnuverslun eða kaupmannaverslun? Sjálfsagðaráðið til þess, að fá úr því skorði, hvort hagkvæmara sje, er að láta reynsluna skera úr. Reynslan hefur og nú þegar kveðið upp sinn úrskurð í þessu efni. Hann er sá, að Íslendingar þurfi á hvortteggja að halda. Ef hjer á að vera góð verslun, verður hún að vera þær í höndum kaupmanna og kaupfjelaga. Með því móti einu,

Fiskaskjalasafn Þjóðarperiðsins sem trygkir hag almennings.

Illindi Tímans gera kaupfjelögum böljun

Timinn, sem með fjandskap sinum í annara garð, hefur gert kaupfjelögum meiri böljun en nokkur einn aðili á Íslandi annar, getur aldrei unnt kaupmannaversluninni sannmælis. Blaðið segir m. a. s., að það skeri ekki úr um rjettmæti hennar, bött menn fái þar keyptar jafnóðrar vörur eða ódýrar en í kaupfjelögum.

Blaðið segir, að kaupfjelögini leggi svo mikil í hús og mannvirki, að ekki sje við því að búast, að þau selji ódýrar en þau geri. En að hvaða gagni koma þessi miklu mannvirki kaupfjelagsmönnum, ef þau tryggja þeim ekki ódýrar vörur? Fólki gagnar lítið, bött það sje að nafninu til kallað eigandi ýmiskonar verslunarmann virkja, ef þær verslanir, sem afnot þeirra hafa, geta brátt fyrir það, ekki selt ódýrar en í kaupmennirnir.

Kaupmenn verða einnig að leggja fje í mannvirki til þess að geta annast atvinnurekstur sinn. Þótt eigandi þeirra sje kallaður annar en eigandi hinna, koma þau almenningi að sama gagni, ef báðir geta að lokum selt vörur fyrir sama verð.

Togstreita, sem engum kemur að gagni

Til viðbótar því kemur svo, að kaupmennirnir verða að borga háa skatta, sem kaupfjelögini að miklu leyti eru undanbegin. Þessir skatfar fara til þess að standa undir allskonar athöfnum og mannvirkjum almenningi til gagns. Ekki eingangis þeim, sem í kaupfjelögum eru, heldur þjóðarheildinni.

Pannig má endalaust togast á og metast um, hvor meira leggi fram og að meira gagni verði, velrekin kaupmannaverslun eða velrekið kaupfjelag. Slíkur metingur kemur engum að gagni. Það, sem menn þurfa að halda, er hagkvæm verslun. Hún verður ekki sköpuð með blaðaskómmum eða löggildingu svartamarkaðsbraks með skömmtnarseðla, heldur með raunverulega frjálsri verslun.

Á hvoru riður meira byggingu íbúða eða skrifstofuhallar

Alveg á sama veg er um hina sifelldu viðleitni Tímans til að eigna til ófriðar á milli þeirra, sem búa á landsbyggðinni annarsvegar og í kaupstöðum. sjerstaklega Reykjavík, hinsvegar.

Síðasta dæmi þessarar rætni er það, þegar Sjálfstæðismenn í Fjárhagsráði eru sakaðir um, að þeir hafi reynt að útvega fjárfestingarleyfi til íbúðabyggings í Reykjavík. Þetta er sömu dagana, sem býsnast er yfir, að á það skuli hafa verið minnst, að Búnaðarbanksinn hefði eins vel getað lánað 5 milljónum til að bæta við fjarþortinum við íbúðarhúsa-

byggingar úti um sveitir eins og að byggja 5 milljón króna skrifstofuhöll í Reykjavík.

Enginn efast um, að Búnaðarbanksinn er prýðilega rekinn sem bankastofnun. En þeir, sem stöðugt hafa á orði, að skrifstofubákn i Reykjavík sje of mikið og þarfir Reykvíkinga sju látnar sitja fyrir öllu öðru, settu ekki um leið að verja þessa ráðstöfun og þeir hamast yfir, að reynt er að eyða bragga íbúðunum hjer í bæ.

Fyrir þeim, sem svo fara að, vakir ekki, að bæta úr raunverulegum erfiðleikum, heldur hitt, að auka enn á vandræðin með vaxandi fjandskap og togsreitum milli þeirra, sem vinna þurfa saman.

Stefna Sjálfstæðismanna er stefna þjóðarinnar

Sjálfstæðismenn eiga vaxandi fylgi að fagna, vegna þess, að íslenska þjóðin skilur, að menn þurfa að vinna saman, hvar sem þeir búa á landinu, og í hvaða stjett sem þeir eru. Almenningur veit, að samein- aðir stöndum við en sundraðir föllum við. Menn skilja og, að forysta og aðstoð ríkisvaldsins er oft nauðsynleg, en hún má aldrei verða að skrifstofuáþján, sem hindri eðlilegar framkvæmdir og farsæla athafnaþrá borgaranna.

Stefna Sjálfstæðismanna er mótuð af lífsreyndlun kynslóðanna, er byggt hafa Ísland, og því besta, sem við höfum lært af öðrum og þessvegna verður hún Íslendingum til mestrar blessunar nú og um ókomin ár.